RÍKISENDURSKOÐUN

# Fangelsismálastofnun

## Ársreikningur 2007

Fangelsismálastofnun
Borgartún 7
Reykjavík
400189-2029

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ........ 3

Áritun endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymi ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnsýslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði dómsmálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 49/2005. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun sjái um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, sér um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og heldur utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar.

Á árinu 2007 var 20,9 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 120,2 m.kr., skuldir 24,3 m.kr. og eigið fé um 85,9 m.kr. í árslok 2007.

Forstjóri og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12 september 2008

Páll Egill Winkel
forstjóri.

Hafdís Guðmundsdóttir
skrifstofustjóri.

# Áritun endurskoðenda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum***

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fangelsismálastofnunar ríkisins á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 12 september 2008.

Sveinn Arason

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Sértekjur | 1 | 70.408.420 | 66.255.776 |
| | | 70.408.420 | 66.255.776 |
| **Gjöld** | | | |
| Vörukaup | | 37.568.462 | 29.122.617 |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 686.411.311 | 587.367.354 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3 | 17.129.709 | 14.555.425 |
| Funda- og ferðakostnaður | 4 | 15.041.324 | 9.060.216 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 5 | 31.343.677 | 21.458.438 |
| Rekstur tækja og áhalda | 6 | 12.626.102 | 7.475.621 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 129.506.881 | 129.127.123 |
| Húsnæðiskostnaður | 8 | 58.692.001 | 47.396.911 |
| Bifreiðarekstur | 9 | 7.524.259 | 7.629.338 |
| | | 995.843.726 | 853.193.043 |
| Eignakaup | 10 | 19.353.573 | 9.749.442 |
| | | 1.015.197.299 | 862.942.485 |
| **Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur** | | ( 944.788.879) | ( 796.686.709) |
| Fjármunatekjur | 11 | 643.555 | 528.445 |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | ( 944.145.324) | ( 796.158.264) |
| Ríkisframlag | | 923.200.000 | 828.029.000 |
| **(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins** | | ( 20.945.324) | 31.870.736 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 15.883.351 | 22.568.168 |
| Ríkissjóður | 13 | 69.107.453 | 75.025.532 |
| Viðskiptakröfur | | 10.605.548 | 24.125.159 |
| Handbært fé | 12 | 24.578.095 | 11.483.452 |
| **Veltufjármunir** | | 120.174.447 | 133.202.311 |
| **Eignir alls** | | 120.174.447 | 133.202.311 |

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| **Höfuðstóll:** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 95.247.923 | 63.377.187 |
| (Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins | | ( 20.945.324) | 31.870.736 |
| **Höfuðstóll** | | 74.302.599 | 95.247.923 |
| **Annað eigið fé** | | | |
| Framlag til eignamyndunar | | 11.576.348 | 11.576.348 |
| **Annað eigið fé** | | 11.576.348 | 11.576.348 |
| **Eigið fé** | 14 | 85.878.947 | 106.824.271 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 34.295.500 | 26.378.040 |
| **Skuldir** | | 34.295.500 | 26.378.040 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 120.174.447 | 133.202.311 |

# Sjóðstreymi árið 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| ***Veltufé frá rekstri:*** | | | |
| (Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins | | ( 20.945.324) | 31.870.736 |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | ( 20.945.324) | 31.870.736 |
| ***Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:*** | | | |
| Birgðir lækkun/(hækkun) | | 6.684.817 | ( 10.757.469) |
| Skammtímakröfur lækkun/(hækkun) | | 13.519.611 | ( 5.907.271) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun | | 7.917.460 | 7.418.382 |
| | | 28.121.888 | ( 9.246.358) |
| **Handbært fé frá rekstri (til reksturs)** | | 7.176.564 | 22.624.378 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| ***Breyting á stöðu við ríkissjóð*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | ( 923.200.000) | ( 828.029.000) |
| Greitt úr ríkissjóði | | 929.118.079 | 793.215.992 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 5.918.079 | ( 34.813.008) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 13.094.643 | ( 12.188.630) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 11.483.452 | 23.672.082 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 24.578.095 | 11.483.452 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatt.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

### Starfsþáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

# Skýringar

## Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 852,5 m.kr. Á fjáraukalögum fékk stofnunin um 63,9 m.kr. fjárveitingu. Þar af voru 52,7 m.kr. til launamála einkum vegna breytinga á stofnanasamningi við fangaverði og um 2,0 m.kr. til annars rekstrarkostnaðar. Einnig var um 9,2 m.kr. tilfærsla. Millifærsla milli fjárlagaliða var á árinu um 5,0 m.kr. vegna reksturs við fíkniefnahund í fangelsum og um 1,8 m.kr. vegna launabóta eftir útskurð Kjararáðs á launaendurmati áranna 2006 og 2007. Í heild námu fjárheimildir ársins 2007 því 923,2 m.kr.

Rekstrargjöld ársins 2007, að frádregnum sértekjum námu samtals 944,1 m.kr. og voru því yfir fjárheimildum ársins sem nemur 20,9 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Reikningur | Frávik |
|---|---|---|---|---|
| Sértekjur | ( 30.700 ) | ( 30.700 ) | ( 71.759 ) | 41.059 |
| Laun og launatengd gjöld | 638.400 | 692.900 | 686.411 | 6.489 |
| Önnur rekstrargjöld | 227.200 | 234.200 | 293.456 | ( 59.256 ) |
| Tilfærslur | 9.300 | 18.500 | 16.683 | 1.817 |
| | 844.200 | 914.900 | 924.792 | ( 9.892 ) |
| Stofnkostnaður | 8.300 | 8.300 | 19.354 | ( 11.054 ) |
| | 852.500 | 923.200 | 944.145 | ( 20.945 ) |

## Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur ársins 2007 sundurliðaður eftir sviðum:

| | Þús. kr. | Hlutfall % |
|---|---|---|
| Yfirstjórn Fangelsismálastofnunar | 130.504 | 13.8% |
| Fangelsi höfuðborgarsvæðisins, Hegningarhúsið og í Kópavogi | 208.659 | 22.1% |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 462.377 | 49.0% |
| Fangelsið Kvíabryggju | 85.699 | 9.1% |
| Fangelsið Akureyri | 26.682 | 2.8% |
| Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira | 30.225 | 3.2% |
| | 944.145 | 100.0% |

## Sundurliðanir

### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar jukust um 4,1 m.kr. á milli ára eða 6,3%. Á Litla-Hrauni námu tekjur alls 49,8 m.kr. sem er hækkun um 7,0 m.kr. milli ára eða 16,4%. Þar vegur framleiðsla bílnúmeraskilta mest eða 28,3 m.kr. Á Kvíabryggju námu tekjur 10,6 m.kr. sem er lækkun um 2,3 m.kr. eða 17,2% frá fyrra ári. Í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu námu tekjur um 11,0 m.kr., þar af nam verslun fangelsanna mest eða um 6,2 m.kr. Sértekjur stofnunarinnar eru að mestu leyti vegna framleiðslu vöru og þjónustu í fangelsunum.

# Skýringar

## 2. Laun og launatengd gjöld

Launagjöld hjá stofnuninni hækkuðu um 99,0 m.kr. eða 16,9% frá fyrra ári. Ársverk í dagvinnu hjá stofnuninni árið 2007 voru 111,7 en voru 112,6 árið 2006 sem er lækkun um 0,9 ársverk. Þann 1. desember hækkuðu allir fangaverðir um 1 launaflokk skv. stofnanasamningi og allt skrifstofufólk á Fangelsismálastofnun ásamt einum í Hegningarhúsinu. Á árinu 2007 fengu einnig þrír skrifstofumenn greidda tímabundna umbun fyrir sérstakt álag. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Dagvinna | 366.902.401 | 317.247.524 |
| Yfirvinna | 143.316.333 | 118.342.341 |
| Vaktaálag | 59.292.491 | 49.768.939 |
| Aukagreiðslur | 4.861.389 | 4.863.332 |
| Launatengd gjöld | 112.038.697 | 97.145.218 |
| | 686.411.311 | 587.367.354 |

## 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 2,6 m.kr. á milli ára eða 17,7%. Mest var hækkun eða um 1,0 m.kr. á útgáfustarfsemi og afnotagjöldum. Hækkunina má að mestu rekja til greiðslukostnaðarhlutdeildar í sameiginlegri þjónustu til Ríkislögreglustjóra, þ.e. grunnþjónustu til tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins sem er kostnaður sem dómsmálaráðuneytið greiddi fyrir áður. Hækkun á símagjöldum um 0,9 m.kr. má rekja til fjölgunar á skjólstæðingum í kerfinu.

| | | |
|---|---|---|
| Símagjöld | 6.913.101 | 5.976.917 |
| Útgáfustarfsemi og afnotagjöld | 3.603.775 | 2.653.676 |
| Burðargjöld | 2.217.490 | 2.517.997 |
| Tímarit, blöð og bækur | 1.350.191 | 1.303.336 |
| Skrifstofuvörur | 2.193.255 | 1.693.525 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 851.897 | 409.974 |
| | 17.129.709 | 14.555.425 |

## 4. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður hækkaði um 6,0 m.kr. á milli ára eða 66,0%. Mest var hækkun á ferða- og dvalarkostnaði innanlands eða um 5,8 m.kr. en þar af var hækkun vegna dagpeninga um 5,2 m.kr. Hækkunin skýrist að mestu af greiðslu dagpeninga til fangavarðaskólanema sem búa utan höfuðborgarsvæðisins en skólinn var rekinn á árinu 2007 en ekki á árinu 2006. Af 4,0 m.kr. akstri nam akstur starfsmannabifreiða 3,1 m.kr.

| | | |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 6.750.718 | 916.548 |
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 2.559.101 | 2.348.602 |
| Fundir, ráðstefnur og námskeið | 430.397 | 1.121.146 |
| Akstur | 4.004.415 | 3.394.743 |
| Annar funda- og ferðakosnaður | 1.296.693 | 1.279.177 |
| | 15.041.324 | 9.060.216 |

# Skýringar

## 5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkaði um 9,9 m.kr. á milli ára eða 46,1%. Hækkunina má að mestu rekja til rekstrarsamnings um kaup á þjónustu eða um 8,6 m.kr. vegna framlags til Félagasamtaka Verndar, fangahjálp fyrir vistun fanga utan fangelsis. Hækkun um 1,0 m.kr. var á tölvu- og kerfisfræðiþjónustu skýrist einkum af endurbótum á tölvukerfi vegna innleiðslu afplánunaráætlana fyrir fanga, sbr. breytingu á lögum nr. 49/2005 um fullnustu refsinga. Lækkun var á rekstrarsamningi um kaup á þjónustu um 0,8 m.kr. Fangelsismálastofnun ríkisins greiddi mánaðarlega til áfangaheimilisins Verndar vegna afplánunar fanga síðasta hluta fangelsisvistar sinnar og námu greiðslurnar á árinu 2007 um 17,4 m.kr. Greiðslur til Sólheima á árinu 2007 námu um 1,8 m.kr. og til S.Á.Á. um 0,6 m.kr. Verulegur hluti annarrar sérfræðiþjónustu er vegna heilbrigðisþjónustu, eða 2,4 m.kr.

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Rekstrarsamningar um kaup á þjónustu | 20.036.438 | 12.280.984 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 3.342.705 | 2.316.688 |
| Rannsóknarstofuþjónusta | 2.959.894 | 2.817.323 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 5.004.640 | 4.043.443 |
| | 31.343.677 | 21.458.438 |

## 6. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður við rekstur tækja og áhalda hækkaði um 5,2 m.kr. á milli ára eða 68,9%. Mest var hækkunin á uppsetningu á netbúnaði, um 2,4 m.kr. vegna kaupa á nýjum tölvum. Hækkun um 1,5 m.kr. á viðgerðum og viðhaldi má einkum rekja til Kvíabryggju vegna öryggiskerfis og viðhalds á Litla-Hrauni, m.a. á girðinu, jarðvegsskiptingu og hellulögn á plani.

| | | |
|---|---|---|
| Smátæki og áhöld | 4.408.727 | 3.564.764 |
| Viðgerðir og viðhald | 5.980.907 | 1.629.895 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 1.453.453 | 988.208 |
| Uppsetning á netbúnaði | 103.646 | 581.760 |
| Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda | 679.369 | 710.994 |
| | 12.626.102 | 7.475.621 |

# Skýringar

## 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 0,4 m.kr. á milli ára eða 0,3%. Mest var hækkun á öðrum rekstrarkostnaði eða um 2,1 m.kr. er rekja má að mestu til hlutdeildar í sameiginlegri grunnþjónustu eða um 1,2 m.kr. sem ekki var á árinu 2006. Meðal tilfærslna eru færslur vegna dagpeninga en Fangelsismálastofnun greiðir dagpeninga til þeirra fanga sem hvorki geta unnið né hafa vinnu. Einnig fá fangar í skóla greidda þóknun samkvæmt taxta. Keyptar máltíðir eru vegna starfsmanna og vistmanna í fangelsum landsins en kostnaður vegna þeirra hækkaði um 2,0% eða 1,9 m.kr. á milli ára. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast eins og hér kemur fram.

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Máltíðir | 97.290.230 | 95.387.803 |
| Tilfærslur | 9.998.104 | 13.922.512 |
| Rekstrarvörur | 9.956.727 | 9.099.704 |
| Vinnufatnaður og fatafé | 4.895.856 | 5.468.275 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7.365.964 | 5.248.829 |
| | 129.506.881 | 129.127.123 |

## 8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 11,4 m.kr. eða 27,0% á milli ára. Mest var hækkunin á viðhaldi fasteigna eða um 8,8 m.kr. Hækkunina má að mestu rekja til viðhalds bygginga á Litla-Hrauni, viðgerða í Hegningarhúsinu vegna rakaskemmda í millivegg, endurnýjunar á sturtu- og salernisaðstöðu í Fangelsinu Kópavogsbraut 17. Húsaleiga ársins 2007 nam 3,7 m.kr. en húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Lækkun leigugjalda á milli ára stafar af því að leigugjöld fyrir vistun fanga utan fangelsa var færð með leigugjöldum á árinu 2006. Stærsti liðurinn í öðrum húsnæðiskostnaði eru viðhalds- og þjónustusamningar sem nam um 1,4 m.kr.

| | | |
|---|---|---|
| Leigugjöld | 3.755.784 | 4.161.075 |
| Orka | 12.684.224 | 11.631.710 |
| Viðhald fasteigna og innréttingar | 21.928.191 | 13.112.573 |
| Fasteignagjöld | 10.262.764 | 9.453.121 |
| Þrif og sorphirða | 5.766.398 | 5.326.225 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 4.294.640 | 3.712.207 |
| | 58.692.001 | 47.396.911 |

# Skýringar

## 9. Bifreiðarekstur

Kostnaður við rekstur bifreiða lækkaði lítillega á milli ára eða um 1,4%. Stofnunin á og rekur 9 bifreiðar, þar af eru tvær hjá Fangelsismálastofnun, þrjár á Litla-Hrauni, tvær á Kvíabryggju auk dráttarvélar og ein í Hegningarhúsinu og ein í Fangelsinu Akureyri.

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Bensín og olía | 3.354.418 | 3.660.494 |
| Opinber gjöld og tryggingar | 995.684 | 948.894 |
| Viðgerðir og viðhald | 2.416.835 | 1.721.890 |
| Annar bifreiðakostnaður | 757.322 | 1.298.060 |
| | 7.524.259 | 7.629.338 |

## 10. Eignakaup

Eignakaup jukust um 9,6 m.kr. á milli ára eða 98,5%. Mest var aukning í tölvubúnaði eða um 4,7 m.kr. er skýrist af því að keyptar voru nýjar tölvur fyrir Fangelsismálastofnun, Kvíabryggju, Hegningarhúsið og Fangelsið Kópavogsbraut 17. Hækkun á öðrum tækjum og búnaði um 3,8 m.kr. má rekja til kaupa á tækjum og aðstöðu í eldhús á fangagönum og kaupa á líkamsræktartækjum fyrir Fangelsið Litla-Hrauni og búnaði vegna öryggiskerfis á Kvíabryggju og í Fangelsinu Kópavogsbraut. Á árinu voru keyptar tvær bifreiðar fyrir Litla-Hraun.

| | | |
|---|---|---|
| Bifreiðar | 4.733.264 | 3.766.840 |
| Skrifstofubúnaður | 1.213.185 | 1.625.440 |
| Tölvubúnaður | 5.689.944 | 1.026.219 |
| Húsgögn | 2.335.509 | 1.772.780 |
| Önnur tæki og búnaður | 5.381.671 | 1.558.163 |
| | 19.353.573 | 9.749.442 |

## 11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 1.350.317 | 1.037.046 |
| Vaxtagjöld | ( 571.766) | ( 407.707) |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 134.996) | ( 100.894) |
| | 643.555 | 528.445 |

# Skýringar

## Annað

### 12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Sjóður | 543.733 | 728.651 |
| Bankainnstæður | 24.034.362 | 10.754.801 |
| | 24.578.095 | 11.483.452 |

### 13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2007 nam krafa stofnunarinnar á ríkissjóð 69,1 m.kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því versnað um 5,9 m.kr. á árinu.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar | 75.025.532 |
| Ríkisframlag | 923.200.000 |
| Greiðslur | (938.409.916) |
| Millifærslur | 9.291.837 |
| Staða 31. desember | 69.107.453 |

### 14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Á árinu 2007 var stofnunin rekin yfir fjárheimildum ársins sem nemur 20,9 m.kr. og lækkar höfuðstóll sem nemur þeirri fjárhæð. Í lok ársins 2007 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 74,3 m.kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11,6 m.kr. þannig að í heild nemur eigið fé 85,9 m.kr.

| | |
|---|---|
| **Höfuðstóll:** | |
| Höfuðstóll 1. janúar 2007 | 95.247.923 |
| Ríkisframlag | 923.200.000 |
| Tekjuhalli fyrir ríkisframlag | (944.145.324) |
| Höfuðstóll 31. desember 2007 | 74.302.599 |
| | |
| **Annað eigið fé:** | |
| Framlag til eignamyndunar 1. janúar 2007 | 11.576.348 |
| Annað eigið fé 31. desember 2007 | 11.576.348 |
| Eigið fé alls | 85.878.947 |

# Skýringar

## 15. Skuldbindingar

Í gildi eru eftirfarandi samningar: Samningur við Fasteignir ríkissjóðs um húsaleigu og nam mánaðarleg greiðsla um 312 þús. kr. Samningur er við ISS Island um ræstingar og nam mánaðarleg greiðsla 131 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Hreingerningaþjónustu Suðurlands um ræstingar á Litla-Hrauni og nam mánaðarleg greiðsla 284 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Tvo heima um mat á Litla-Hrauni. Greiðsla fyrir þjónustu er samkvæmt umsömdum taxta og tekur mið af fjölda fanga og starfsmanna og nam mánaðarleg greiðsla 5.192 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Vernd um aðlögun fanga og nam mánaðarleg greiðsla 737 þús. kr. Samingur við SÁÁ um fíkniefnameðferð fanga og nam mánaðarleg greiðsla 51 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Liðsinni ehf. um trúnaðarlæknisþjónustu og nam mánaðarleg greiðsla 12 þús. kr. Samningur við Sólheima um vistun fanga að Sólheimum í Grímsnesi í tilraunaskyni. Samningur við Öryggismiðstöð Íslands um mannaða öryggisgæslu vegna samfélagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

## Kennitölur

**Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur ................. | 71.051 | 66.784 | 67.866 | 103.158 | 81.946 |
| Rekstrargjöld .................. | ( 995.844) | ( 853.193) | ( 802.764) | ( 726.481) | ( 646.158) |
| Eignakaup ....................... | ( 19.354) | ( 9.749) | ( 10.770) | ( 7.026) | ( 10.824) |
| Tekjuafgangur | ( 944.147) | ( 796.158) | ( 745.668) | ( 630.349) | ( 575.036) |
| Ríkisframlag ................... | 923.200 | 828.029 | 780.300 | 632.143 | 634.800 |
| Tekjuafgangur ársins | ( 20.947) | 31.871 | 34.632 | 1.794 | 59.764 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir ............... | 120.174 | 133.202 | 93.913 | 69.649 | 46.537 |
| Eignir alls | 120.174 | 133.202 | 93.913 | 69.649 | 46.537 |
| Höfuðstóll ...................... | 85.878 | 106.824 | 74.953 | 27.464 | 25.671 |
| Skammtímaskuldir .......... | 34.296 | 26.378 | 18.960 | 42.185 | 20.866 |
| Eigið fé og skuldir alls | 120.174 | 133.202 | 93.913 | 69.649 | 46.537 |